



TILMÆLI



norden

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norræni sáttmálinn frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum hefur Norðurlandaráð þann 4. júní 2014 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu borgara- og neytendanefndar.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún geri úttekt á áhrifum sem nýrjar reglugerðir ESB hafa á túlkun og framkvæmd Norræna sáttmálans frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu;

að hún fari yfir og geri endurbætur á Norræna sáttmálanum frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu í þá veru að sáttmálinn verði í samræmi við reglur ESB og að hann gefi ekki kost á því að vísa úr landi norrænum ríkisborgurum sem þurfa félagslega aðstoð;

að hún skeyti inn réttindum barna í Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og tryggi að sáttmálinn sé í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989.

að hún geri munnlega grein fyrir framvindu og árangri starfsins á þingi Norðurlandaráðs 2014.

Kungälv, 4. júní 2014

Karin Åström

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

**Nefndartillaga
um Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um
félagslega aðstoð og félagslega þjónustu í
samruna Evrópu**

1. Tillaga nefndarinnar

Borgara- og neytendanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún geri úttekt á áhrifum sem reglugerðir ESB hafa á túlkun og framkvæmd Norræna sáttmálans frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu;

að hún fari yfir og geri endurbætur á Norræna sáttmálanum frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu í þá veru að sáttmálinn verði í samræmi við reglur ESB og að hann gefi ekki kost á því að vísa úr landi norrænum ríkisborgurum sem þurfa félagslega aðstoð;

að hún skeyti inn réttindum barna í Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og tryggi að sáttmálinn sé í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989.

að hún geri munnlega grein fyrir framvindu og árangri starfsins á þingi Norðurlandaráðs 2014.

2. Aðdragandi

Þegar Norræni sáttmálinn frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu var samþykktur var markmið hans að veita norrænum borgurum öryggi á meðan þeir dvöldust í nágrannalöndunum með því að veita þeim sömu réttindi og borgurum landsins. Danir hafa um áraraðir

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Blaðsíða 2 af 5
Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Norðurlandaráð

kosið að túlka 7. gr. sáttmálans strangar en hinar Norðurlandabjóðirnar og eru eina þjóðin sem stendur fast á þeim möguleika að vísa norrænum borgurum úr landi.

Borgara- og neytendanevnd Norðurlandaráðs hefur frá árinu 2010 fjallað um vandann sem skapast af túlkun Dana á 7. gr. sáttmálans og telur hún þörf á að skoða sáttmálann í breiðara samhengi, evrópsku og hnattrænu.

Þegar sáttmálinn var undirritaður var Danmörk eina norræna aðildarríki ESB. Evrópusambandið hefur tekið miklum breytingum frá árinu 1994. Aðildarríkjum sambandsins hefur fjölgað úr 12 í 28, þar á meðal Finnland og Svíþjóð sem gengu í ESB árið 1995. Samruninn í Evrópu hefur dýpkað og breikkað á þessu tímabili.

Varðandi þróun ESB ber að nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB (um rétt borgara til frjálstrar farar og dvalar) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 883/2004/EB frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa. Evrópsku reglugerðirnar koma til viðbótar við Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Þegar norrænum ríkisborgurum hefur verið vísað úr landi í Danmörku hefur ekki verið hugað að áhrifum þess á börn þeirra sem vísað er úr landi. Þörf barna á sérlegri vernd og aðstoð er mikilvægur þáttur sem taka þarf tillit til þegar sáttmálanum er fylgt eftir.

3. Umsagnir

Nefndartillagan hefur ekki verið sett í umsagnarferli en skriflegri fyrirspurn hefur verið beint til dönsku ríkisstjórnarinnar um brottvísun norrænna ríkisborgara (E 46/2013).

4. Sjónarmið nefndarinnar

Borgara- og neytendanevnd Norðurlandaráðs vill að norrænir ríkisborgarar fái sams konar meðferð og í samræmi við undirritaða sáttmála, óháð búsetulandi. Nefndin fordæmir því að Danir vísi norrænum ríkisborgurum úr landi.

Nú á tímum, þegar mikið er talað um afnám stjórnsýsluhindrana, ræður það úrslitum að löndin túlki norræna sáttmála eins. Mismunun norrænna borgara og mismunandi réttindi eftir löndum munu hafa neikvæð áhrif á afnám stjórnsýsluhindrana á milli landa.

Miklu máli skiptir að norrænu ríkin fari yfir ákvæði félagsmálasáttmálans með það fyrir augum að koma í veg fyrir að einstök lönd geti túlkað samkomulagið sér í hag á kostnað borgara hinna landanna. Í því sambandi ber að skoða ákvæði félagsmálasáttmálans með hliðsjón af Evrópurétti, alþjóðasamningum og löggjöf landanna.

Borgara- og neytendanevndin hefur frá árinu 2010 verið gagnrýnin á túlkun Dana á félagsmálasáttmálanum og lagt fram tilmæli 8/2010/medborger: Brottvísun norrænna ríkisborgara; og tilmæli 9/2010/medborger: Túlkun á 7. grein Norræna sáttmálans

Í tilmælum 8/2010/medborger er farið fram á að dönsk stjórnvöld láti af þeim hætti að vísa norrænum þegnum, sem þarfnast félagslegrar aðstoðar í Danmörku, úr landi og að Danir túlki og beiti 7. gr. Norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu frá 1994 á sama hátt og hin löndin þannig að öllum Norðurlandabúum séu tryggð sömu réttindi.

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrra skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrra skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrra skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanevnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Blaðsíða 3 af 5
Fyrra skjalsnúmer:
A 1614/medborger
Norðurlandaráð

Nefndin ákvað að afskrifa tilmælin 8/2010/medborger í tengslum við þingið 2013. Á þinginu 2013, þann 31. október 2013, barst svar við skriflegri fyrirspurn (E46/2013) sem beint hafði verið til dönsku ríkisstjórnarinnar. Í svari dönsku ríkisstjórnarinnar kemur fram að Danir hafi engin áform um að láta af þeim hætti að vísa norrænum borgurum úr landi, þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Fjöldi norrænna borgara sem vísað hefur verið úr landi frá árinu 2010 og þar til málið var skoðað er sex. Í svarinu kemur fram að engum hafi verið vísað úr landi á árunum 2012 og 2013.

Danir telja ekki að núverandi starfshættir brjóti í bága við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB um rétt borgara sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

Í tilmælunum 9/2010/medborger er þess farið á leið við ríkisstjórnir Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar að þær tilkynni dönskum stjórnvöldum að ákvörðun Dana um að senda heim norræna þegna, sem þurfa á félagslegri aðstoð að halda, sé áhyggjuefni og greinilega á skjön við túlkun hinna ríkjanna á samningnum. Að umrædd ríki hvetji Dani til að túlka 7. gr. Norræna sáttmálans frá 1994 á sama hátt og Finnar, Íslendingar, Norðmenn og Svíar þannig að allir norrænir borgarar njóti sömu réttinda.

Borgara- og neytendanefnd ákvað á haustþingi 2013 að viðhalda tilmælunum 9/2010/medborger og beina athyglinni þannig áfram að þeim vanda sem felst í því að Danir túlka félagsmálasáttmálann öðru vísi en hinar þjóðirnar.

Nefndin hefur þrýst á norrænu ríkisstjórnirnar um þriggja ára skeið og átti það þátt í því að ráðherranefnd félags- og heilbrigðismála (MR-S) ákvað í nóvember 2013 að vinnuhópur um félagsmálasáttmálann skuli vinna að greiningu vandans. Við greininguna verði farið yfir ákvæði félagsmálasáttmálans með hliðsjón af Evrópurétti, alþjóðarétti og löggjöf norrænu landanna.

Nefndin telur einnig að pólitískt landslag hafi breyst umtalsvert frá því að Norræni sáttmálinn um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu gekk í gildi 14. júní 1994. Hreyfanleiki borgara og vinnandi fólks í Evrópu hefur aukist á þessum 20 árum og fleiri einstaklingar hafa öðlast félagsleg réttindi í norrænu ríkjunum. Þá hafa bæst við nýjar reglugerðir frá ESB á sviðum sem norrænir samningar ná yfir.

Borgara- og neytendanefndin óskar því eftir því að gerð verði úttekt á áhrifum sem nýjar reglugerðir ESB hafa á túlkun og framkvæmd Norræna sáttmálans frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

Í sumum tilvikum þegar Danir hafa vísað norrænum borgurum úr landi hefur það bitnað á börnum hinna brottreknu og í einu tilviki íslenskri konu sem var barnshafandi. Í félagsmálasáttmálanum er ekki kveðið sérstaklega á um að tillit skuli tekið til réttar barna á vernd og aðstoð og Danir hafa heldur ekki hugað að velferð barnanna í brottvísunarmálum þar sem börn hafa komið að máli.

Öll Norðurlöndin hafa undirritað Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989 þar sem vísað er til Mannréttindayfirlýsingar SP um að börnum beri sérstök vernd og aðstoð. Því er sérlega mikilvægt að taka tillit til réttinda barna í þeirri greiningarvinnu sem Norræna ráðherranefndin ræðst í til að meta þörf á því að gera breytingar á félagsmálasáttmálanum.

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Blaðsíða 4 af 5
Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Norðurlandaráð

5. Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindu leggur borgara- og neytendanefndin að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún geri úttekt á áhrifum sem nýjar reglugerðir ESB hafa á túlkun og framkvæmd Norræna sáttmálans frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu;

að hún fari yfir og geri endurbætur á Norræna sáttmálanum frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu í þá veru að sáttmálinn verði í samræmi við reglur ESB og að hann gefi ekki kost á því að vísa úr landi norrænum ríkisborgurum sem þurfa félagslega aðstoð;

að hún skeyti inn réttindum barna í Norræna sáttmálann frá 14. júní 1994 um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu og tryggi að sáttmálinn sé í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 20. nóvember 1989.

að hún geri munnlega grein fyrir framvindu og árangri starfsins á þingi Norðurlandaráðs 2014.

Akureyri, 8. apríl 2014

André N. Skjelstad (V)
Christian Juhl (EL)
Elín Hirst (Sj)
Knut Storberget (A)

Kristian Norheim (FrP)
Liv Holm Andersen (RV)
Satu Haapanen (gröna)
Suna Kymäläinen (sd)

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Fjallað um í:
Borgara- og neytendanefnd

Skjalsnúmer: 13-00292-19

Fylgiskjal: Nefndartillaga

Norðurlandaráð

Tilmæli 14/2014

Blaðsíða 5 af 5
Fyrri skjalsnúmer:
A 1614/medborger

Norðurlandaráð